

Ritstjórar Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir

Afríka sunnan Sahara í brennidepli



AFRÍKA

SUNNAN SAHARA Í BRENNIDEPLI

AFRÍKA

SUNNAN SAHARA Í BRENNIDEPLI

Ritstjórar:

Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir



HÁSKÓLAÚTGÁFAN OG AFRÍKA 20:20

2007

AFRÍKA SUNNAN SAHARA Í BRENNIDEPLI



© **RITSTJÓRAR, HÖFUNDAR GREINA OG LJÓSMYNDARAR 2007**

Öll réttindi áskilin

ISBN: 978-9979-54-761-7

U200617

Íslenskulestur: Sigrún Þorgeirsdóttir
Umbrót: Háskólaútgáfan/kg
Hönnun kápu: Elísabet A. Cochran
Ljósmynd á kápu: Emiliani Monaco
Prentun: Leturprent

Printed in Iceland

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun,
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis úrgefanda.

Efnisyfirlit

Formálsorð

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 7

Kort af Afríku

10

Inngangur

Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir 12

I. Sagan

Afríka fyrr og nú: uppruni, ánauð og átök

Jónína Einarsdóttir 22

Afríka og sagnfræðin 24, Uppruni mannsins 27, Búferlaflutningar og samfélagsþróun (3500 f.Kr.-1500 e.Kr.) 34, Þrælasala og heimsvaldastefna (1500-1880) 42, Nýlendutíminn (1880-1950) 57, Sjálfstæð Afríka 66

II. Lifnaðarhættir og lífsafkoma

Samfélagsgerð, fjölskylduform og framleiðsla

Guðrún Haraldsdóttir 76

Landbúnaður 76, Sifjatengsl og land í Malaví 79, Þéttbýli og borgarlíf 81, Lífsbarátta og viðskipti í Gana 83, Hirðingjar 85, Borgarastríð og núahirðingjar í Suður-Súdan 87, Söfnun og veiðimennska 88, Sanar í suðurhluta Afríku 90, Samspil framleiðsluhátta og samfélagsgerðar 91

Gull og grænir skógar: náttúruauðlindir og nýting þeirra

Jón Geir Pétursson 94

Náttúruauðlindir 95, Málmar og eðalsteinar 96, Jarðefnaeldsneyti 97, Vatn 98, Vatnsorka og jarðhiti 99, Gróður- og dýralíf 101, Auðlindir ferskvatns og sjávar 104, Nýting náttúruauðlinda 105, Fólksfjölgun og náttúruauðlindir 108, Stjórn á nýtingu náttúruauðlinda 109, Náttúruvernd 111, Ófriður og náttúruauðlindir 113

Fólk og fæða í borg og sveit

Magnfríður Júlíusdóttir 117

Fjölbreytileiki byggðar og borgvæðing 118, Sjónarhorn á þróun fólksfjölda 124, Barneignir og samfélagsþróun 126, Aldur, kyn og fólksfjöldapróun í kjölfar alnæmis 130, Þróun í landbúnaði og fæðuframboði 132, Náttúruumhverfi, samfélagsþróun og fæða 138, Styrkir til bænda iðnríkja ógna bómullarframleiðslu 141, Umráðaréttur yfir landi og nýting lands 143, Lífsafkoma, fólksfjölgun og fæðuöryggi 146

Mýrakalda, magakveisa og taksótt: heilsugæsla á nýrri öld
Geir Gunnlaugsson 148

Arfleifð nýlendustjórnar 148, Heilsugæsla í anda Alma Ata-yfirlýsingarinnar 151, Malaría 156, Öndunarfærasýkingar og aðrir sjúkdómar 158, Niðurgangur og vannæring 160, Alnæmi og berklar 162, Forvarnarstarf 165, Þúsaldarmarkmiðin 172, Þróunarsamvinna Íslands 177, Heilbrigði allra 179

III. Listir og bókmenntir

Fornar listir, fagurfræði og fjöldaframleiðsla
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir 184

Fjölbreytin í fyrirrúmi 184, List til forna 186, Fagurfræði og notagildi 188, Hugmyndin um höfundinn 191, Listarfleifð nútímans 193, Afrísk list í útrás 194

Samtímalist: samspil menningarheima
Jóhanna Bogadóttir 196

Hvaðan er nútímalistin? 196, Hvað er afrísk list? 197, Samtímalist 199, Afrískir samtímalistamenn – stiklað á stóru 201

Þræðir í afrískri bókmenntasögu
Raísa Simola 208

Munnlegar bókmenntir 209, Upphaf ritaðra bókmennta 213, Ritun bókmennta á nýlendutungumálum 217, Raddir kvenna 220, Um (mis)notkun á afrískum skáldsögum 224

IV. Afríka og umheimurinn

Spor þróunarsamvinnu: orðræða og aðgerðir
Þórdís Sigurðardóttir 228

Orðræða um þróun í sögulegu ljósi 228, Þróunarstarf og áhrif þess: bjartsýni í byrjun (1950-1980) 235, Skuldakreppa og skipulagsbreytingar (1980-1990) 237, Bætt stjórnsýsla og eftirgjöf skulda (1990-2000) 240, Þróunarsamvinna á nýrri öld 243, Engar einfaldar lausnir 244

Birtingarmyndir fátæktar
Margrét Einarsdóttir og Pétur Waldorff 247

Skilgreining fátæktar 248, Fátækt og þróun 250, Fátækt á Íslandi á 18. öld 253, Baráttan við fátækt heldur áfram 257

Furðulönd í fjarska? Ímyndir Afríku á Íslandi
Kristín Loftsdóttir 259

Ímyndir Afríku fyrir á öldum 260, Þróunar- og kynþáttahyggja 19. aldar 262, Ímynd Afríku í samtímanum 269, Vinna gegn fordómum 278

Um höfunda 280

Atriðisorðaskrá 283

Formálsorð

**Sigríður Dúna Kristmundsdóttir
sendiherra**

Í gömlu malísku handriti segir að að hörmungar stafi af þekkingarleysi. Skortur á vitneskju um mismunandi hugsunarhætti, siði og venjur manna leiði af sér skort á umburðarlyndi sem orsaki ósætti og átök manna á milli. Því eigi sá heiður skilið sem miðlar vitneskju um ólíkar menningarvenjur og stuðli með því að friði og sátt manna á meðal (El Hadj Oumar Tall, 1797).

Í vestanverðri Afríku hefur þekking öldum saman verið álitin undirstaða friðar og framþróunar. Þar voru til forna öflugir háskólar og þar á meðal í Timbúktú þar sem það handrit hefur varðveist sem vitnað er til hér að ofan. Á miðöldum voru að jafnaði um 20 þúsund nemendur í háskólanum í Timbúktú, útibú voru í öðrum borgum og í tjöldum sem slegið var upp þar sem henta þótti. Kennarar skólans voru nefndir „sendiherrar friðarins“ því hlutverk þeirra var að efla þekkingu, skilning og umburðarlyndi meðal þeirra mörgu þjóðflokka sem tilheyrðu hinum víðaáttumiklu ríkjum á svæðinu. Um 700 þúsund forn handrit hafa varðveist í Timbúktú og um 100 þúsund í nágrennaríkinu Máritaníu. Að efni til fjalla þau um sögu, landafræði og menningu Afríkumanna, samskipti við Evrópu og Austurlönd nær, lög og dóma, rímfræði, stjörnufræði, stærðfræði, læknisfræði og fleira.

Þetta er rifjað upp vegna þess að því riti sem hér birtist er ætlað að gegna sama hlutverki og „sendiherrar friðarins“ gegndu forðum. Því er ætlað að miðla þekkingu um fjölskrúðuga menningu Afríku og vinna gegn fordómum og þrautseigum staðalmyndum af álfunni. Eins og frásögnin hér að ofan af handritaarfi Afríkumanna sýnir felst menning Afríku ekki eingöngu í trumbuslætti og leirkofum, heldur ekki síður í því sem við Íslendingar höfum lengi metið einna mest; fornri þekkingu sem skráð er á ævagamalt bókfell og miðlað manna á milli.

Afríka er ekki eitt land eins og stundum má ráða af því hvernig rætt er um álfuna á Vesturlöndum, heldur eru þar 53 ríki og mörg hundruð menningarhefðir. Afríka er heldur ekki risastór samastaður örbirgðar og ofbeldis eins og gjarnan

FORMÁLSORÐ

má álíta af fréttum og framtaki tónlistarmanna á borð við Bob Geldoff, sem hafa rokkað fyrir hungruðu börnin í Afríku. Ríki Afríku eiga vissulega við mörg og miserfið vandamál að stríða, en víðast hvar í Afríku er gróandi þjóðlíf og vilji til að skapa hvort sem það er á sviði stjórnmála, efnahagsmála eða menningar og lista.

Því hefur verið haldið fram að hungur- og ofbeldismyndin af Afríku, stundum nefnd Bob Geldoff heilkennið, sé eitt helsta vandamál álfunnar. Ímyndin gerir að verkum að vestræn fyrirtæki fjárfesta ekki álfunni, byggja ekki upp þekkingu og skila ekki arði í efnahagslífi hennar. Hæfileikafólk á öllum sviðum hika við að hasla sér völl í löndum hennar og á alþjóðavettvangi er rödd hennar veik. Hugsanlega má líkja stöðu álfunnar við stöðu kvenna í íslensku samfélagi áður fyrr. Framan af 20. öld þótti ekki taka því að fjárfesta í menntun kvenna, ekki var búist við að störf þeirra skiluðu peningalegum arði og rödd þeirra í samfélaginu var veik. Því má segja að eins og íslenskar konur þurfi Afríka sem heild á viðhorfsbreytingu að halda; meta þurfi það sem hún hefur fram að færa, átta sig á arðsemi hennar og hlusta á það sem hún hefur að segja.

Þessu riti er ætlað að auðvelda okkur að skilja Afríku. Það miðlar þekkingu um margbreytileika álfunnar, auðlindir hennar og vandamál, stöðu hennar á alþjóðavettvangi og þá ímynd sem hún hefur í hugum okkar. Ég fagna útkomu þess og þakka höfundum framtakið. Einnig fagna ég því að UNESCO og Þróunarsamvinnustofnun Íslands skuli hafa séð ástæðu til að styrkja úgáfuna. Ég vona að lesendur bókarinnar njóti hennar og megi margt af henni læra. Hver veit nema að á meðal þeirra leynist framtíðar „sendiherrar friðarins“?

Suður-Afríku

28. maí 2007

Sigríður Dína Kristmundsdóttir

sendiherra





Nýlenduuyfirráð í Afríku 1918



Ríki Afríku 2007

Inngangur

Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir

Umræða um Afríku sunnan Sahara hefur á liðnum áratugum byggst á hugmyndum sem oftarn ekki hafa verið markaðar af skorti á almennri þekkingu á aðstæðum álfunnar og því fólki sem þar býr. Umfjöllun um álfuna einkennist um of af tveimur staðalmyndum. Samkvæmt þeirri fyrri, sem á rætur í

þrælaverslun og nýlendustefnu, er Afríku sunnan Sahara lýst sem nokkurs konar undralandi hins framandlega og frumstæða. Hin síðari er yngri og einkennist af því að álfunni er lýst sem einu stóru einsleitu landi þar sem býr hjálparvana, hungrað og stríðshrjáð fólk. *Afríka 20:20*, sem er félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara, stendur að útgáfu þessarar bókar. Markmið félagsins er m.a. að skapa vettvang fyrir umræðu um málefni sem varðar heimshlutann og í því skyni hefur félagið skipulagt málstofur, komið að listviðburðum og tekið þátt í fjölmiðlaumræðu. Útgáfa þessarar bókar er liður í þessu starfi og markmið hennar eru einkum að skyggjast í sögu og samtíma álfunnar og skoða þar á meðal tilurð ofangreindra staðalmynda.

Lesefni á íslensku um málefni Afríku sunnan Sahara er mjög takmarkað. Það vita þeir sem reynt hafa að afla sér haldgóðra upplýsinga um álfuna á móðurmálinu. Skólafólk hefur þó víða unnið gott starf við að kynna nemendum fjarlægjar slóðir og menningarlegan fjölbreytileika. Það er ósk okkar að þessi bók verði þeim og öðrum til gagns við slíka vinnu. Einstakir kaflar bókarinnar eða öll bókin á að geta nýst sem námsefni og ítarefni fyrir nemendur og kennara á ýmsum skólastigum. Henni er ætlað ennfremur að vera vegvísir þeim sem hyggja á ferðalög eða störf í Afríku sunnan Sahara. Það er einnig von okkar að bókin þjóni sem uppspretta almenns fróðleiks og skilnings um álfuna og veki frekari áhuga á þeim málefnum sem brenna á henni.

Heiti og hugtök

Sú takmarkaða umfjöllun sem Afríka hefur fengið á íslensku ritmáli ber með sér óvissu um hvernig heiti landa, höfuðborga, staða og þjóðernishópa skuli stafsetja

á íslensku. Það sama á reyndar við um fleiri fjarlægari svæði heimsbyggðarinnar. Sumum finnst mikilvægast að þýða og aðlaga erlend heiti að íslenskri tungu og íslensku beygingarkerfi. Öðrum misbýður slík meðferð heita og telja réttast að ritun sé í samræmi við stafsetningu heitis á opinberu tungumáli viðkomandi lands. Ritstjórar þessarar bókar hafa valið að fylgja báðum þessum sjónarmiðum. Í fyrsta lagi höfum við valið að halda í heiðri ákveðna hefð sem skapast hefur um ritun einstakra staðarheita eins og Algeirsborg, Höfðaborg og Filabeinsströndin. Við veljum að stafsetja Kenía og Líbía með -í- eins og venja er í norrænum og fleiri evrópskum málum en ekki -y- eins og gert er í ensku ritmáli. Við styðjumst þannig að hluta við lista Íslenskrar málstöðvar yfir landaheiti og höfuðstaðaheiti (<http://www.ismal.hi.is/landahei.html>). Í öðru lagi leitumst við við að aðlaga heiti að íslenskum beygingarvenjum og um leið að takmarka notkun viðhengja eins og -fólk, -menn og -ríki. Því notum við heitin xhosar og shonar. Mörg heiti sem koma fyrir í bókinni eru þó ekki á lista Íslenskrar málstöðvar. Þau heiti höfum við valið að stafsetja á sem líkastan hátt og gert er á opinberu tungumáli viðkomandi lands eða hóps.

Við styðjumst ekki alfarið við lista Íslenskrar málstöðvar. Það á fyrst og fremst við í tilfellum þar sem okkur sýnist vera skortur á samræmi, t.d. er -z- stundum breytt í -s- og -w- í -v- en það er þó ekki meginregla málstöðvarinnar. Upphafsstafir heita hafa þýðingu fyrir hvar það lendir í stafrófsröð og skiptir máli fyrir lesendur þegar þeir leita á veraldarvefnum eftir frekari upplýsingum um viðkomandi staði og hópa fólks. Þriðja sjónarmiðið sem við fylgjum er því að breyta helst ekki upphafsstaf heitis lands svo framarlega sem það brjóti ekki í bága við hefð eða framburð. Því notum við bókstafinn -z- sé hann upphafsstafur heitis í stað þess að nota -s-, enda útilokar Íslensk málstöð ekki bókstafinn -z-, t.d. við ritun borgarinnar Zagreb. Eins notum við -w- sem upphafsstaf, eins og hjá Íslenskri málstöð í heitinu Wales og í borgarheitunum Washington og Wellington. Við höfum líka valið að nota -y-, sé það upphafsstafur heitis, í stað þess að nota -j-. Heiti landsins Tchad, á ensku Chad, er ritað með -t- sem upphafsstaf, enda er -t- upphafsstafur heitisins á þeim tungumálum sem eru opinber í landinu, þ.e. arabísku og frönsku. Að öðru leyti veljum við að fylgja opinberri stafsetningu landsins fremur en að fylgja tillögu Íslenskrar málstöðvar um að skrifa Tsjat. Tsjat fer illa í munn þeirra sem aldir eru upp við íslenskan framburð og fellur illa að íslenskri stafsetningarhefð. Heitið Congo er hinsvegar stafsett Kongó til samræmis við hefð.

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR OG ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR

Tvö ríki í Afríku heita Kongó og er mikilvægt að gera greinarmun á þeim. Í landaheitalista Íslenskrar málstöðvar eru þau nefnd Austur-Kongó og Vestur-Kongó. Algengast er að enska heitið *The Republic of Congo* sé styttn í *Congo* og *The Democratic Republic of Congo* sé styttn í *DR Congo* eða *DRC*. Við veljum að nefna hið fyrrnefnda Kongó og hið síðarnefnda Alþýðulýðveldið Kongó. Löndin eru reyndar stundum aðgreind með því að bæta nafni höfuðborganna aftan við. Alþýðulýðveldið Kongó, eða Kongó-Kinshasa, nefndist Belgíska Kongó á nýlendutímanum og síðan Zaire á tímabilinu 1971-1997, en er nefnt Austur-Kongó í lista Íslenskrar málstöðvar. Kongó, eða Kongó-Brazzaville, er það land sem Íslensk málstöð nefnir Vestur-Kongó. Það flækir myndina enn frekar að Alþýðulýðveldið Kongó skiptist gjarnan í austur- og vesturhluta. Því er oftast verið að vísa til vesturhluta Alþýðulýðveldisins Kongó þegar á ensku er fjallað um *West Congo* í fréttum, en ekki Kongó (Kongó-Brazzaville). Því er það skoðun okkar að val Íslenskrar málstöðvar á heitum fyrir þessi lönd sé óheppilegt.

Í kjölfar nýlendustefnunnar var þjóðum heims skipt í „menningarþjóðir“ annars vegar og „villipjóðir“ hins vegar. Með sjálfstæði nýlendanna eftir miðja síðustu öld tók hugtakið „vanþróuð lönd“ við sem samheiti þeirra samfélaga sem áður nefndust „villipjóðir“. Nú til dags eru ýmist notuð hugtökin lágtekjulönd, þróunarlönd, suðrið eða þriðji heimurinn og eru þau notuð á víxl í bókinni. Öll þessi hugtök hafa fengið eða fela í sér neikvæða merkingu á einn eða annan hátt. Hugtakið lágtekjulönd vísar til flokkunar landa í hátekju-, millitekju- og lágtekjulönd út frá þjóðartekjum. Að vera land á leið til þróunar má vera betra en að teljast vera vanþróað, en það felur í sér engu að síður að eitthvað skorti á til að viðkomandi land verði eins og þróuð ríki, sem er þá n.k. endanlegt ástand. Jafnvel suðrið, sem hefur landfræðilega tilvísun, er gildishlaðið hugtak sem minnir á fátækt og hungur og það sama á við um heitið þriðji heimurinn.

Saga hugtaksins þriðji heimurinn er áhugaverð. Það á rætur í misrétti á tímum frönsku byltingarinnar en á þeim tíma voru skilgreindar þrjár lögstéttir í Frakklandi; fyrsta stétt og önnur stétt, aðalsmenn og klerkar, nutu skattfríðinda og annarra forréttinda á meðan þeirri þriðju tilheyrðu m.a. skattskyldir bændur, menntamenn, borgarar og iðnaðarmenn. Sem hliðstæða, eftir síðari heimsstyrjöldina, voru Bandaríkin og fylgilönd (oft nefnd Vesturlönd) skilgreind sem fyrsti heimurinn og Sovétríkin og fylgilönd í austri (Austur-Evrópa og tiltekin Asíulönd) sem annar heimurinn, en þriðja heiminum tilheyrðu

nýfrjáls ríki, sem vildu standa utan við átök kalda stríðsins. Hugtakið þriðji heimurinn felur því að vissu leyti í sér hugmynd um pólitískt frumkvæði í baráttunni fyrir réttlátari heimi.

Efnistöð og innihald

Eins og áður segir er Afríka gjarnan sveipuð ævintýralefum, dulúðlegum ljóma hins framandlega eða kynnt sem hinn dæmigerði heimur hörmunganna. Því er vert að skoða sögu og samtíma álfunnar við upphaf nýrrar aldar. Í því skyni var leitað til einstaklinga, sem eru sérfræðingar hver á sínu sviði, og þeir beðnir um að skrifa þá bókarkafla sem hér birtast.

Bókinni er skipt í fjóra hluta og fjallar sá fyrsti um sögu Afríku. Jónína Einarsdóttir rekur söguna frá uppruna mannsins til líðandi stundar. Rannsóknir á sögu Afríku hafa að vissu marki haft áhrif á aðferðafræði sagnfræðinnar og hvaða viðfangsefni geta talist rannsóknarhæf. Í kaflanum er leitast við að draga fram mismunandi sjónarhorn, t.d er fjallað um deilur einsköpunarsinna og fjölsköpunarsinna og skiptar skoðanir um þrælaverslunina eru raktar. Nýlendustefnunni er lýst og afnámi hennar. Í stuttu máli er saga álfunnar saga ánauðar og átaka en einnig saga baráttu fyrir frelsi og afnámi kynþáttahyggu.

Næstu fjórir kaflar beina með ólíkum hætti sjónum að lifnaðarháttum og lífsafkomu. Guðrún Haraldsdóttir leggur áherslu á fjölbreytta lífshætti og samfélagsgerð. Hún gefur innsýn í helstu framleiðsluhætti og lýsir tilteknum samfélagsgerðum. Til einföldunar notar hún hefðbundna flokkun afrískra samfélaga í landbúnaðarsamfélög, þéttbýli, hirðingjasamfélög og samfélög safnara og veiðifólks og tekur dæmi um slík samfélög frá ýmsum svæðum álfunnar. Hún leggur áherslu á að slík flokkun er tilbúin flokkun, notuð til að gera skýrari greinarmun á ólíkum framleiðsluháttum. Guðrún bendir á að einkenni afrískra samfélaga sé að íbúar þeirra byggi afkomu sína á samsetningu mismunandi framleiðsluhátta og að samfélagsgerðir Afríku skarist á ýmsan hátt. Lífshættir og samfélagsgerðir álfunnar einkennast af fjölbreytni sem eru í stöðugri mótun og tengjast margþættri fortíð og samtímasögu álfunnar.

Jón Geir Pétursson gerir grein fyrir helstu tegundum náttúruauðlinda Afríku og hvernig tilvist þeirra tengist m.a. jarðsögu álfunnar. Þó að fjölbreyttar og auðugar náttúruauðlindir sé að finna í mörgum Afríkuríkjum hefur ekki alltaf tekist sem skyldi að nýta þær til bættra lífskjara íbúanna. Margar ástæður búa að baki og er engin þeirra einhlít. Jón Geir dregur fram ólík sjónarhorn um nýtingu

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR OG ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR

auðlinda. Wangari Maathai friðarverðlaunahafi Nóbels frá Keníu hefur t.d. varpað ljósi á tengsl friðar og sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda, en efnahagslegar framfarir álfunnar munu byggjast á bættri nýtingu þeirra.

Magnfríður Júlíusdóttir fjallar um þróun fólksfjölda og landbúnaðarframleiðslu í Afríku sunnan Sahara. Hún bendir á að í rannsóknum og pólitískri stefnumótun er umræðan um fólksfjölgun, fæðuframleiðslu og ágang fólks á náttúruna samtvinnuð. Stór hluti íbúa Afríku sunnan Sahara býr í sveitum og hefur lífsviðurværi sitt einkum af landbúnaði. Vöxtur borga er mikill og framboð á matvælum á viðráðanlegu verði skiptir höfuðmáli þegar horft er til fæðuöryggis borgarbúa. Magnfríður gerir jafnframt grein fyrir því að fólksfjölgun sé ekki meginvandi samfélaga í Afríku. Fjallað er um vanda vegna alnæmisfaraldurs og hvernig breytingar á heimsmarkaðsverði hafa áhrif á afkomu bænda sem njóta ekki ríkisstyrkja á sama hátt og bændur í ríkum löndum. Þættir sem ógna öruggri lífsafkomu eru margir og er fátækt þar veigamest. Líklegt er að í náinni framtíð muni veðurfarsbreytingar valda usla á þéttbýlustu landbúnaðarsvæðum álfunnar.

Viðfangsefni Geirs Gunnlaugssonar er heilbrigðisþjónusta í Afríku sunnan Sahara og almennt skipulag hennar. Hann lýsir helstu verkefnum á sviði heilbrigðismála og gerir grein fyrir því á hvern hátt unnið er að lausn þeirra. Það kemur t.d. fram að helsti vandinn felst í að veita viðeigandi meðferð við venjulegum sjúkdómum eins og niðurgangi og öndunarfærasjúkdómum og að meðferð þeirra er þekkt og tiltölulega ódýr. Veikburða heilbrigðiskerfi, skortur á menntuðu fagfólki og fátækt leiða aftur á móti til mikils mæðra- og barnadauda. Kaflanum lýkur á umræðu um þúsaldarmarkmiðin í ljósi heilbrigðismála og á hvern hátt Íslendingar styðja við úrlausn þeirra vandamála sem við er að glíma í lágtekjulöndum Afríku.

Í næstu þremur köflum bókarinnar er athygli beint að listum og bókmenntum. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir fjallar um sjónræna list í Afríku sunnan Sahara eins og hún kemur fram á ýmsum stöðum, frá fyrstu heimildum fram á okkar tíma. Hún vekur athygli á að í Afríku er list, líkt og annars staðar í heiminum, ein leið fólks til að skapa sér sjálfsmynd og formgera fagurfræði. Fram kemur að mikill fjölbreytileiki er í afrískum listum og hinir mörgu þjóðernishópar hafa tileinkað sér mismunandi stíla og aðferðir sem lifað hafa hlið við hlið og breyst í tímans rás. Hver kynslóð afrískra listamanna færir í efnislegt mót hefðir, tíðaranda og persónulega túlkun. Listaflóra Afríku afmarkast ekki við

landfræðileg mörk álfunnar, heldur teygir hún anga sína í ýmsar áttir, m.a. fyrir tilstilli þrælaverslunar, nýlendustefnu og hnattvæðingar. Áhrifa afrískrar listsköpunar gætir víða og áhugi á verkum afrískra listamanna er mikill.

Jóhanna Bogadóttir fjallar um afríska samtímalist. Hún vekur athygli á að umheimurinn hefur áhrif á listsköpun í Afríku samtímis sem Afríka og afrísk list hefur átt þátt í að móta vestræna nútímalist. Hún getur þess að áhrifa frá afrískri myndsköpun hafi orðið vart í byrjun 20. aldar og að ýmsir vestrænir listamenn hafi þá orðið fyrir hughrifum frá afrískri list og menningu. Í þeim hópi listamanna voru margir af þeim frumkvöðlum sem unnu í anda kúbisma, expressjónisma og fleiri leiða sem farnar voru til frjálsari tjáningar. Hún beinir því næst athygli að afrískri samtímalist og bendir á að flokkun á henni geti stundum leitt til þrönsýni í stað skilnings. Loks gefur hún dæmi um nokkra afríska listamenn sem ýmist vinna í anda eldri hefða eða fara ótroðnar slóðir.

Raisa Simola, sem er eini erlendi höfundurinn, beinir kastljósinu að afrískum bókmenntum. Hún bendir á að varpa þurfi fyrir róða hinni langlífu staðalmynd að afrískar bókmenntir jafngildi munnlegri hefð. Afrískar munnlegar bókmenntir eiga sér vissulega langa sögu og þær verða til undir öðrum kringumstæðum en ritaðar bókmenntir. Hún vekur athygli á að margir afrískir nútímahöfundar nýta sér tækni og hugmyndir frá hinni munnlegu arfleifð. Þá rekur hún þræði í sögu ritaðra afrískra bókmennta og fjallar um nokkra höfunda sem haft hafa mikil áhrif. Fundist hafa fornir textar á afrískum tungumálum en á seinni hluta 20. aldar varð mikil aukning í útgáfu afrískra bókmennta, ekki síst á nýlendutungumálunum. Að lokum gerir hún grein fyrir nýrri tegund afrískra bókmennta þar sem raddir kvenna heyrast.

Afríka og umheimurinn er umfjöllunarefni þriggja síðustu kafla bókarinnar. Þórdís Sigurðardóttir fjallar um þróun og þróunarsamvinnu. Hún skoðar sögu orðræðunnar um þróun og rekur hvernig þróunaraðgerðir hafa sett spor sín á sögu Afríku sunnan Sahara. Hún leitar skýringa á hvers vegna svo mikið misvægi sé milli markmiða þróunarsamvinnu og þess veruleika sem stöðugt vinnur gegn því að markmiðin náist. Hún bendir á að þó að stefnubreytingar hafi verið tíðar í þróunarstarfi einkennist það í grunninn af hugmyndinni um nývæðingu. Tækni-legar lausnir hafi löngum einkennt þróunarstarfið og mótun hugmynda um þær hafi að litlu leyti átt sér stað meðal heimamanna. Þórdís vekur athygli á að þrátt fyrir að vandamál sem varða þróunarsamvinnu séu oft flókin og erfið úrlausnar skipti miklu að standa fast við að lífskjör almennings í álfunni þurfi að batna.

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR OG ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR

Margrét Einarsdóttir og Pétur Waldorff gera birtingarmyndir fátæktar í Afríku að umfjöllunarefni sínu. Þau skoða hvaða mælistikur eru notaðar til að greina fátækt og benda á að skilgreining á henni tengist ætíð samanburði við aðra í samfélaginu. Þau leggja áherslu á að margir þættir geti stuðlað að fátækt einstaklinga og hópa, ekki aðeins efnahagur heldur einnig þættir eins og valdleysi og félagsleg einangrun. Þau líta einnig í okkar eigin sögu og sýna dæmi um hvernig fjallað var um fátækt á Íslandi á 18. öld. Athyglisvert er hvernig þau líkja boðberum nýrrar tækni og aðferða í íslensku samfélagi á þeim tíma við starf þróunarstarfsfólks samtímans. Þá eins og nú hafi margir fallið í þá gryfju að kenna þeim fátæku um fátækt sína.

Kristín Loftsdóttir leiðir lesendur einnig heim til Íslands en umfjöllunarefni hennar er ímyndir um afrísk samfélög í íslensku samhengi. Hún beinir sjónum að því hvernig þessar ímyndir hafa birst, bæði í heimildum frá því fyrr á öldum og á undanförunum árum í teiknimyndasögum, námsbókum og fréttum. Hún bendir á að umfjöllun um ímyndir Afríku á Íslandi vísi að mörgu leyti ekki til Afríku heldur lýsi hugmyndum annarra um íbúa álfunnar. Hún skoðar ímyndir samtímans í sambengi við kynþátta- og þróunarhyggju 19. aldar þar sem lagður var ákveðinn grunnur að skilningi á Afríku og íbúum hennar. Fram kemur að nú, á tímum hnattvæðingar, hafi flæði ímynda aukist og þær orðið fjölbreyttari en áður. Engu að síður sé enn tilhneiging til að setja fram einfaldaða og staðlaða mynd af Afríku og Afríkubúum sem ýtt geti undir fordóma.

Þakkir

Útgáfa bókarinnar er styrkt af UNESCO Participation Programme 2004-2005 með 22 þúsundum Bandaríkjadala. Styrkur UNESCO var sá hvati sem þurfti til að hugmynd um bókarútgáfu er nú veruleiki. Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur einnig styrkt útgáfu bókarinnar með 600 þúsund krónum, sem gerir okkur fjárhagslega mögulegt að vanda til útgáfunnar með fjölda mynda.

Viðar Helgason, Margrét Einarsdóttir og Lilja D. Kolbeinsdóttir tóku þátt í undirbúningsvinnu við útgáfu bókarinnar. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir og Geir Gunnlaugsson unnu að fjáröflun, ásamt ritstjórum. Sigrún Þorgeirsdóttir íslenskufraeðingur las yfir handritið og kom með tillögur um málfarslegar úrbætur. Eyja Margrét Brynjarsdóttir sá um lokalestur á kafla Jóhönnu Bogadóttur. Helga Haraldsdóttir annaðist þýðingu á kafla Raisu Simola og Þórgunnur Skúladóttir bókmenntafræðingur las yfir kaflann.

Gunnar Salvarsson, Gunnhildur Guðbrandsdóttir og Geir Gunnlaugsson aðstoðuðu ritstjóra við handritalestur og frágang bókarinnar. Guðbjörg Pálsdóttir tók þátt í lestri á lokahandriti. Guðmundur Ó. Ingvarsson aðstoðaði við kortagerð. Emiliano Monaco á ljósmynd á bókarkápu. Alida Jay Boye (Timbuktu Manuscripts Project), Eva Laufey Stefánsdóttir, Eva Lundquist, Geir Oddsson, Guðfinnur Eiríksson (Guffi), Gunnar Salvarsson, Reynir Þórarinsson, Skarphéðinn Þórisson og nokkrir höfundar hafa góðfúslega gefið leyfi fyrir birtingu ljósmynda sinna. Eftirtaldir einstaklingar og stofnanir hafa veitt leyfi til birtingar mynda af listaverkum: André Magnin et CAAC The Pigozzi Coll. Genf, Berni Searle, Collection Eilen and Harris Norton (Santa Monica, California) og Walter Knirr (Images of Africa).

Ofangreindum einstaklingum og stofnunum, ásamt höfundum einstakra kafla, eru færðar bestu þakkir fyrir stuðning við útgáfuna og óeigingjarna vinnu sína.



Nelson Mandela heldur ræðu í kjölfar kosningasigurs í Suður-Afríku 1994.
UN Photo/Chris Sattlberger

I. Sagan



Mósambískur drengur í öruggu skjóli pislfalda.
Ljós.: Gunnar Salvarsson

II.

Lifnaðarhættir og lífsafkoma



„Afrískt ævintýri“, (1999–2002) blönduð tækni
eftir Jane Alexander frá Suður-Afríku.
Með leyfi Jane Alexander.

III. Listir og bókmenntir



Heimurinn gubbar, (2004) akrýl á striga, 200x250 cm,
eftir Chéri Samba frá Alþýðulýðveldinu Kongó.
Með leyfi André Magnin et CAAC The Pigozzi
Collection, Genf.

IV.

Afríka og umheimurinn

Um höfunda

Geir Gunnlaugsson er forstöðumaður Miðstöðvar heilsuverndar barna og prófessor í lýðheilsufræði við Háskólann í Reykjavík. Hann varði doktorsritgerð sína í barnalæknisfræði við Karolinska institutet í Stokkhólmi (*Transmission of Qualities through Breast Milk. Breastfeeding Practices and Child Health in Guinea-Bissau, 1993*) og lauk meistaraþrófi í lýðheilsufræði frá sama skóla. Geir bjó og starfaði samtals 11 ár í Stokkhólmi og Uppsala og átta ár í Gíneu-Bissá. Hann hefur stundað faraldsfræðilegar rannsóknir og birt ritverk m.a. um heilsuvernd barna, kóleru og ýmsa þætti heilsugæslu á Íslandi, Gíneu-Bissá og Malaví. Geir er stofnfélagi Afríku 20:20.

Guðrún Haraldsdóttir lauk BA námi í mannfræði við Háskóla Íslands og meistaraþróu frá University of Iowa. Hún varði doktorsritgerð sína í mannfræði frá University of Iowa í Bandaríkjunum (*Cooperation and Conflicting Interests: an Ethnography of Fishing and Fish Trading on the Shores of Lake Malawi, 2002*). Guðrún hefur m.a. starfað fyrir Þróunarsamvinnustofnun Íslands um árabíl, bæði á Íslandi og í Malaví, einkum á sviði fullorðinsfræðslu. Hún hefur gegnt ýmsum öðrum störfum, tekið þátt í ráðstefnum og skrifað greinar sem tengjast þróunarsamstarfi og alþjóðatengslum. Guðrún starfar nú í Cambridge á Englandi.

